

margt smátt ...

2. tbl. 2018



Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance



Kemst peningurinn til skila?

Amína ræktar nú lauk, mais og hirsi ásamt því að eiga sauðfé og geitur. Tekjurnar notar hún til að sjá börnum sínum farborða.

„Komið með mér og sjáið,“ sagði hún við okkur ákøf konan sem tveir fulltrúar Hjálparstarfs kirkjunnar hittu á leið sinni um verkefnasvæði í Jjigahéraði í Austur-Eþíópíu í maí síðastliðnum en við höfðum um hádegisbil staldrað við á sléttunni til að fá okkur nesti. Við létum til leiðast og fylgdum konunni.

„Við höfðum ekki ræktað lauk áður en verkefnið fór af stað hér en núna rækta ég og sel heilmikið af honum,“ sagði hún um leið og hún sýndi okkur akur sinn og geislaði af stolti og gleði. „Áður en ég tók þátt í verkefninu átti ég ekki dýr, hafði engar tekjur og var algjörlega háð manni mínum um framfærslu. Núna hef ég sjálf tekjur og ræð yfir þeim peningum sem ég afla.“

Konan sem heitir Amína tók meðal annars þátt í sparnaðar- og lánahópi fyrir konur. Konurnar í slíkum hópum fá fræðslu í fjármálalæsi og hvernig hægt er að byggja upp eigin rekstur. Amína sýndi okkur búfé sitt; kindur, geitur og kálf og ræktarland þar sem hún ræktar mest mais og hirsi.

Saga Amínu er alls ekki einsdæmi. Í samstarfi við Lútherska heimssambandið í Eþíópíu og með dyggum stuðningi frá einstaklingum og stjórnvöldum á Íslandi hefur aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar náð til meira en 130.000 íbúa í Jjigahéraði síðan árið 2007.

Í matsskýrslu sænska ráðgjafafyrirtækisins NIRAS indevelop fyrir utanríkisráðuneytið frá janúar 2018 kemur fram að árangur af verkefnum Hjálparstarfsins á svæðinu er mjög

góður og að veruleg breyting hefur orðið á aðstæðum fólks til hins betra. Styttra er í hreint vatn, fæða fólks er fjölbreyttari og næringarríkari og búfé er heilbrigðara.

Í skýrslunni segir að konurnar á svæðinu noti tekjurnar sem þær afla til að fæða og klæða börn sín, tryggja skólagöngu þeirra og góða heilsu. Jafnframt er tekið fram að hjálparstarf Lútherska heimssambandsins sé faglegt og að það nýti fjármuni skynsamlega. Skýrslu NIRAS er að finna á vefsíðu Hjálparstarfsins: www.help.is/doc/237.

Já, peningurinn kemst til skila. Í þróunarsamvinnu og mannúðar- aðstoð erlendis sem og í neyðaraðstoð og valdeflingarverkefnum hér heima á Íslandi.

Stuðningur þinn gerir starfið mögulegt, bestu þakkar fyrir!

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri
Hjálparstarfs kirkjunnar



margt smátt ... gerir eitt stórt

2. tbl. 30. árg. júní 2018.

Fréttablaðið margt smátt... sem kemur út 2- 4 sinnum á ári er sent endurgjaldslaust til styrktarmanna, presta, sóknarnefnda, skóla, fjölmiðla, bókasafna og annarra velunnara Hjálparstarfs kirkjunnar.

Láttu okkur vita
viljir þú fría áskrift.

Útgefandi: Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík.

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason.

Skrifstofan er opin virka daga kl. 8:00 - 16:00.

Síminn er 528 4400 og bréfsími 528 4401.

Ritstjóri: Kristín Ólafsdóttir, ábm., kristin@help.is

Forsíðumyndin var tekin í sumarfríi fyrir fjölskyldur við Úlfjótuvatn þar sem börn og foreldrar nutu samverunnar nú í júní.

Myndir: Hjálparstarf kirkjunnar bls 1 – 9 og Þorkell Þorkelsson bls. 10 – 14.

Prentvinnsla: Litróf - Umhverfissvottuð prentsmiðja

Vilt þú styrkja starfið?

Framlögum til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar má koma til skila í bönkum og sparisjóðum, til skrifstofunnar, í gegnum www.help.is og www.framlag.is. Gjafabréf fást á www.gjofsemgefur.is.

Reikningar sem leggja má inn á:

0334-26-27 fyrir verkefni innanlands, kt. 450670-0499.

0334-26-050886 fyrir verkefni erlendis, kt. 450670-0499.

Vissir þú að...

- félagssráðgjafar Hjálparstarfsins hafa sérstakan viðtalstíma og taka á móti fólki sem leitar eftir efnislegri aðstoð á miðvikudögum klukkan 12:00 – 16:00?
- í skólabyrjun 2017 fengu 114 foreldrar 186 barna aðstoð hjá Hjálparstarfinu við að útbúa börnin í skólann?
- alls nutu 1304 fjölskyldur eða um 3500 einstaklingar um land allt aðstoðar Hjálparstarfsins fyrir síðustu jólf?
- hinir ómetanlegu sjálfboðaliðar Hjálparstarfsins taka á móti fólki á lager Hjálparstarfsins í kjallara Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66 á þriðjudögum milli klukkan 10 og 12 og hjálpa því að finna sér fatnað við hæfi?
- annar hópur öflugra sjálfboðaliða mætir vikulega til að taka fatnað sem almenningur gefur Hjálparstarfinu upp úr pokum, flokka hann og setja í hillur?
- í desember 2017 og janúar 2018 fengu 360 fjölskyldur (um 970 einstaklingar) notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu?
- félagssráðgjafar Hjálparstarfsins þróa úrræði í samvinnu við notendur þjónustunnar og skipuleggja sjálfstyrkingarnámskeið og ýmis valdeflandi verkefni allt árið um kring?

margt smátt ... þakkar stuðninginn

REYKJAVÍK

A. Margeirsson ehf
Aðalvík ehf
Alvin ehf
Apparat ehf
ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG ehf
Arkís arkitektar ehf
ASK Arkitektar ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Aurum
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf
Áman ehf
ÁM-ferðir ehf
Árbæjarapótek ehf
ÁTVR Vínubúðir
B&B gluggatjaldahreinsun ehf
Barnatannlæknastofan ehf

Betra líf ehf
Bilamálun Sigurðsveins Sigurðssonar
Bilasalan Heimsbílar ehf
Bjarnar ehf
Björninn innréttingar ehf
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blómabúðin Hlíðablóm
Bókabúðin Sjónarlind
Bókaútgáfan Hólar ehf
Bókhaldsstofa Arnar Ingólfssonar ehf
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf
Bónstöðin hjá Jobba ehf
Braudhúsið ehf
Brim hf
Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900
Brynja, Hússjóður Öryrkjabandalagsins
BSI bifreiðaverkstæði ehf

Danfoss hf
Danica sjávarafurðir ehf
Dokkan, þekkingar- og tengsla-
net-www.dokkan.is
Durum restaurant & take away
Dýralæknastofa Reykjavíkur hf
E.T. hf
Eðallflutningar ehf
Eðalklæði ehf
Efling stéttarfélag
Endurskoðun og reikningshald ehf
Endurskoðun og reikningskil hf
Ernst & Young ehf
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félag tanntækna og aðstoðarfólks
tannlækna
Fiskbúðin Sæbjörg ehf
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland
Fjárhald ehf

Fjárstöð ehf
Fjöður ehf, þvottahús
Fjöleignir ehf
Flügger ehf
Fossberg ehf
Garcia ehf
Garðasteinn ehf
Garðs Apótek
GÁ húsgögn ehf
Gilbert úrsmíður-www.jswatch.com
Ginger ehf
Gjögur hf
Globus hf
Grafía-stéttarfélag í prent- og
miðlunargreinum
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Gullkistan skrautgripaverslun
-www.thjodbuningasilfur.is
Gullsmíðurinn í Mjódd

Hagi ehf-Hilti
Hagvangur ehf
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum
öll jöfn
Hárgreiðslustofa Hrafnhildar ehf
Hármiðstöðin
Hársnyrtistofan Amrabakka ehf
Heggur ehf
Helgason og Co ehf
Hið íslenska bókmenntafélag
Hitastýring hf
Hjá Guðjón Ó ehf
Hjá Hrafnhildi
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hljóðbók.is - hljóðvinnslan
Hljóðfærahúsið ehf
Holt og gott ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Örkin, sjómannaheimili



„Hvenær kemur röðin að mér?“ Klifurturninn nýtur mikilla vinsælda í sumarbúðunum. Krakkarnir biða spennit eftir því að klifra en mömmurnar þurfa sumar að sigrast á sjálfri sér en koma líka sigurreifar niður turninn aftur.

„Ég vil koma aftur næsta sumar!“

Góð stemning ríkti í sumarbúðum skáta við Úlfjótuvatn nú í júní en þá stóðu Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn á Íslandi saman að fjögurra daga sumarfríi fyrir fjölskyldur í sumarbúðum skáta við Úlfjótuvatn fimmta sumarið í röð. Tilgangurinn var sem fyrr að stuðla að jákvæðri upplifun fyrir börn og foreldra sem búa við efnislegan skort og hafa alla jafna ekki tók á að fara saman í frí. Tíu fjölskyldur, alls 48 einstaklingar, fóru í fríið að þessu sinni.

Gleði og rólegheitastemning ríktu á svæðinu enda markmið margra að njóta einfaldlega samverunnar í sveitasælunni. „Það er gott að fá tækifæri til að hlaða batterið og þurfa hvorki að elda né vaska upp,“ sagði ein mamman aðspurð um hvernig hún nyti dvalarinnar.

Meðal dagskrárliða voru bogfimi, hjólabátar, kajakar, vatnasafarí, klifur og sund. Sædis Arnardóttir félagsráðgjafi Hjálparstarfsins og verkefnisstjóri sumarfrísins sagði að börnin hefðu notið dvalarinnar í botn enda mikið fíflast og leikið úti við. „Svo var mjög gaman þegar nokkrar stelpur tóku bara völdin síðasta kvöldið og stýrðu fjöldasöng og skemmtidagskrá kvöldvökkunnar sjálfar,“ sagði hún.

Markmið með valdeflingarverkefnum á borð við sumarfríið er að fólk finni styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og til að komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis. Sérstök áhersla er lögð á þarfir barna og unglinga og starfið miðar að því að þau hafi sterka sjálfsmynd og séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

4

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Hreyfimyndasmiðjan
Hugbúnaður hf
Hverfisgalleri
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa
Höfðakaffi ehf
Höfði fasteignasala
Iceland in a day ehf
IG Ferðir ehf
Innigardar ehf
Intellecta ehf
Ísaga hf
Ísbúðin Erluis
Íslandsstofa
Íslenska auglýsingastofan
Íþróttasamband fatlaðra
JE Skjanni ehf, byggingaverktakar
K. Pétursson ehf
K.F.O. ehf
Kári Arnórsson ehf, byggingaverktaki

Kemi ehf-www.kemi.is
Klettur - sala og þjónusta ehf
Kone ehf
Kurt og Pi ehf
Kvika Grafísk hönnun
Landsnet hf - landsnet.is
Landssamband lögreglumanna
Leigulistinn ehf
Litróf ehf
Lif og sál sálfræðistofa ehf
Lyfjaver ehf
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
Lögfræðiþjónusta Sigurðar
Sigurjónssonar hrl
Lögmannsstofa Jóns G Briem hrl
Löndun ehf
Magnús og Steingrímur ehf
Margt smátt ehf
Matthías ehf

Málningarvörur ehf
MediaCom Íslandi ehf
Merlo Seafood
Mirage slf
Motus ehf
Nasdaq Iceland
Neshamar ehf
Nínukot ehf - Vinna um víða veröld
Nói-Sírís hf
Nýi tónlistarskólinn
Nýi öskuskólinn ehf
Nýtt Skil slf
OMNOM hf
Ólafur Þorsteinsson ehf
Parket og gólf
Pfaff hf
Pixel ehf
Poulsen ehf
Premis ehf

Rafsvið sf
Rannsókn- og háskólanet Íslands hf
Rarik ohf
Regla - netbókhaldskerfi
Reki ehf
Reykjavík Helicopters ehf
Reykjavíkurborg
S.G. þjónustan ehf
Samskipti ehf
Samtök starfsmanna fjármálafrýrtækja-SF
Segull ehf
Sjávargrillið ehf
Skorri ehf
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
SM kvótaþing ehf
Sólón Bistro
Spör ehf, auglýsingastofa
Stjá, sjúkrahjálfun
Styrja ehf

SVP-Samtök verslunar og þjónustu
Söngskólinn í Reykjavík
Tannlæknar Mjódd ehf
Tannlæknastofa Barkar Thoroddsen
Tannlæknastofa Geirs A Zoega
Tannlæknastofa Sigurðar Benediktssonar
Tannréttingar sf
Terra Export ehf
The Coooco's Nest
THG Arkitektar ehf
Tónastöðin ehf
Tönnentaskóli Reykjavíkur
Trackwell hf
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins
Tækniverk - Hár og heilsa
Tölvar ehf
Umslag ehf
Útfararstofa Svafars og Hermanns ehf
Útgáfufélagið Heimur hf



Klifurturninn sívinsæli í sumarbúðum skáta við Úlfjótswatn og vatnið sjálft gera staðinn eftirsóknarverðan.



Hoppukastali og heimalningar voru uppspretta gleði og gamans í sumarfríinu.



Klárar í bátana. Kajaka- og hjólabátasigling um vatnið kætti þátttakendur ekki síður en kvöldvökur þar sem sykurlúðar voru glóðaðir og svo borðaðir af bestu lyst.





Einbeittar hittu þær í mark konurnar sem taka þátt í tveggja ára valdeflingarverkefni Hjálparstarfsins. Þær reyndu sig við bogfimi á lokadegi vorannar í maí en verkefnið fer aftur af stað í september.

Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar er nýtt og spennandi verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar sem hófst í febrúar 2018. Markmið þess til tveggja ára eru að þátttakendur - konur sem búa við örorku og eru með börn á framfæri - fái bætt sjálfsmynd sína og aukna trú á eigin getu, að þær styrki tengslanet sitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að þær eflist í foreldrahlutverkinu.

Verkefnið hefur farið vel af stað og góður andi er í hópnum segir ein kvennanna sem tekur þátt í því. „Svo ég tali fyrir sjálfa mig þá hlakka ég alltaf til fimmtudaganna,“ segir hún. Hópurinn, 15 konur, hittist einmitt einu sinni í viku undir handleiðslu Sædisar Arnardóttur félagsráðgjafa Hjálparstarfsins.

Á fyrstu fjórum mánuðum verkefnisins hafa konurnar sótt fjármálanámskeið og sjálfstyrkingarnámskeiðið „Konur eru konum bestar“. Þær hafa fengið fræðslu um mikilvægi svefns,

áhrifaþætti á svefngæði og heppilegar svefvenjur. Þá hafa þær unnið að markmiðasetningu og velt fyrir sér þáttum sem hafa áhrif á líðan og tilfinningar. Síðast en ekki síst hafa þær velt fyrir sér því hverfala fyrirbæri sem hamingjan er. Verkefnið er unnið samkvæmt samningi við velferðarráðuneytið sem stendur að mestu straum af kostnaði við það.

Starf félagsráðgjafa Hjálparstarfsins felst í því að greina vanda þeirra sem til stofnunarinnar leita, veita félagslega ráðgjöf og efnislega aðstoð. Sá stuðningur er nauðsynlegur til þess að svara brýnni þörf en til þess að komast út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á breiðum grunni. Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru því lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfsins sem leggja höfuðáherslu á að hlusta, ræða og reyna að skilja einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra.

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Útilegumaðurinn ehf
VA arkitektar ehf
Vagnsmiðjan ehf
Varma & Vélaverk ehf
Varmi ehf
VDO ehf
Verkfræðistofan VIK ehf
Verslunartækni ehf
Verslunin Álflheimar
Verslunin Rangá
Vélar og verkfæri ehf
Vélvík ehf
Vilhjálmsson sf, heildverslun
Vinnuálastofnun
VOOT Beita
VSÓ Ráðgjöf ehf
www.barak.is
Yrki arkitektar ehf
Þorsteinn Bergmann ehf

Ögurverk ehf
Ökumennt ehf
Ökuskólinn í Mjódd ehf

SELTJARNARNES

Borgarblöð ehf
H.Ó. & B. sf

KÓPAVOGUR

Alhlíða pípulagnir sf
Atlantic Tank Storage ehf
Ásborg hf
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf
Bílaklæðningar hf
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf
Bílhúsið ehf
Blijuður - varahlutir ehf
Blikksmiðjan Vik ehf

BSA varahlutir ehf
dk hugbúnaður ehf-www.dk.is
Exton ehf
Fasteignamiðstöðin ehf
godd.is
Hagblíkk ehf
Hárgreiðslu og rakarastofan Hera
Hefilverk ehf
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
IClean ehf
Iðnvélar ehf
Ingi hópförðir ehf
Ísfix ehf
Íslenskt marfang ehf
JS-hús ehf
Kambur ehf
Karína ehf
Kraftvélar ehf
Lindakirkja

Línan ehf
Loft og raftæki ehf
Lokasjóður ehf - bókhaldstofa
Mannrækt og menntun ehf
Nobex ehf
Parki ehf
Rafmiðlun hf
Rafport ehf
Rafspenna ehf
Rafvirkni ehf
Réttingaverkstæði Jóa ehf
Skólamyndir ehf
Sportvörur
Tengi ehf
Vatn ehf
Vetrarsól ehf, verslun
Zenus sófar
Önnu Konditorí slf

GARÐABÆR

Apótek Garðabæjar
AP-Þrif ehf
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Garðabær
Garðasókn
Geislatakni ehf - Laser þjónustan
Hagröð ehf
Loftorka Reykjavík ehf
S.S. Gólf ehf
Úranus ehf
Val - Ás ehf
Vélsmiðja Þorgeirs ehf
Vörkuþing ehf, heildverslun
Öryggisgirðingar ehf

HAFNARFJÖRDUR

Aflhlutir ehf
Alexander Ólafsson ehf



Sigga Kling lífskúnnar tók á móti hópnum sem fór í óvissuferð í lok verkefnisins þann 1. júní síðastliðinn. Sigga spáði í tölur og spil fyrir hópinn sem skemmti sér konunglega, ekki síst þar sem hann komst í hið viðfræga hattasafn frúarinnar.

Virgni og vellíðan – Taktu ábyrgð á eigin lífi, tveggja ára verkefni Hjálparstarfsins lauk þann 1. júní síðastliðinn. Átta konur tóku þátt í verkefninu fyrir einstæðar mæður sem búa við örorku og eru með unglings á heimilinu. Þegar barnið verður 18 ára og þar með fjárráða minnka heimilistekjur verulega þar sem meðlag, barnalífeyrir, barnabætur og húsaleigubætur vegna barns falla þá niður. Þegar börnin verða sjálfráða verður einnig ákveðin breyting á mæðrahlutverkinu.

Á dagskrá fyrra árs verkefnisins var sjálfstýringarnámskeiðið Konur eru konum bestar, fjármálanámskeiðið, jákvæð sálfræði, samskipti, markmið og sóknarfæri, núvitund, markþjálfun og heimsóknir í virknimiðstöðvar ýmsar. Á seinna ári var áhersla lögð á sálrænan stuðning og úrvinnslu áfalla og á leiðir til að bæta lífsgæði og heilsu. Konurnar sem tóku þátt í verkefninu voru mjög áhugasamar og móttækilegar ásamt því að bera umhyggju hver fyrir annarri. Við lok verkefnisins sögðu þær okkur frá því hverju það hafði breytt. Hér eru nokkur dæmi:

„Ég er búin að læra að opna mig og treysta á sjálfa mig.“

„Þegar það er erfitt heima er svo gott að koma hingað.“

„Það er auðvelt að tala hér.“

„Ég er fegin að hafa fengið boð um að taka þátt í þessu verkefni á þeim tíma sem boðið kom. Ég var nýbúin að fá höfnun frá Virk og þá kom þetta bréf inn um lúguna. Ég hef lengi verið í einangrun heima og mikið í umönnun fyrir aðra. Nú hef ég átt stund fyrir mig alla föstudaga.“

„Nú er ég búin að gera breytingar sem ég lagði ekki í áður. Ég tók til dæmis út bílinn og náði að horfa á kostina við bíllausan lífstíl frekar en gallana.“

„Ég er farin að setja mörk og lét ekki hjóða mér hvað sem er. Fólkinu mínu er ekkert sérstaklega vel við það samt en nú er ég farin að forgangsraða.“





Laufey Ólafsdóttir peppari afhenti Gabriel Benjamín verðlaun fyrir grein sína „Hrædd við skilningsleysi og kerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar“ í Stundinni en Mikael Torfason og Alda Lóa Leifsdóttir voru einnig heiðruð fyrir vandaða umfjöllun um aðstæður þeirra sem búa við fátækt sem og ástæður fátæktar.



Sanna Magdalena Mörtudóttir oddviti Sósíalístaflokksins var meðal frambjóðenda sem stígu á stökk fyrir kosningar í vor og sögðu frá erindi sínu í borgar- og sveitarstjórnir í landinu.

Þrettán tilnefningar til Fjölmíðlaverðlauna götunnar

Þann 18. maí síðastliðinn voru Fjölmíðlaverðlaun götunnar veitt í annað sinn, en verðlaunin eru hvatningarverðlaun Pepp Íslands, samtaka fólks í fátækt, til blaða- og fréttamanna fyrir vandaða umfjöllun um fátækt í íslenskum fjölmiðlum.

Alls voru 13 fjölmiðlaumfjallanir tilnefndar til verðlaunanna en dómnefnd Pepp verðlaunaði þrjár þeirra sérstaklega. Mikael Torfason hlaut fyrstu verðlaun fyrir útvarpsþætti sína „Fátækt fólk“ á RÚV sem og fyrir að vera mjög virkur í umræðu um fátækt á Íslandi almennt. Önnur verðlaun voru veitt Gabriel Benjamín fyrir rannsóknarblaðagreinina „Hrædd við skilningsleysi og kerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar“ í Stundinni. Þriðju verðlaun hlaut Alda Lóa Leifsdóttir fyrir viðtalsgrein sína við hóp öryrkja í Fréttatímanum undir fyrirsögninni „Vonleysið, að vera einskis virði í ofbeldisfullu kerfi“. Nánar um verðlaunin má lesa á vefsíðunni capn.is.

„Ef þú nærð kjöri, hvað ætlar þú þá að gera til að bæta stöðu okkar sem búum við fátækt?“

Fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor skoraði Íslandsdeild evrópska tengslanetsins um farsæld fyrir alla (European Anti Poverty Network – EAPN) á ráðherra, þingheim og sveitarstjórnir á Íslandi og í Evrópu að koma strax á viðunandi, aðgengilegum og viðurkenndum viðmiðum um fjárhæð sem dugar til framfærslu.

Frambjóðendum til kosninga var boðið að stíga á stökk í Reykjavík og á Akureyri og segja frá því hvernig þeir hyggðust tryggja farsæld fyrir alla næðu þeir kjöri. Viðburðirnir voru liðir í rútuferð EAPN um 32 Evrópuríki til að vekja athygli á nauðsyn viðmiða um lágmarksupphæð til framfærslu. Nánar um rútuferðina er að finna á <http://eminbus.eu>.

Þess má geta að EAPN á Íslandi hefur nú skrifstofuádstöðu í húsnæði Samhjalpar, Hlíðasmára 14, þriðju hæð, 201 Kópavogi. Skrifstofan er opin á mánudögum og miðvikudögum frá klukkan 10 til 14.

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Allianz á Íslandi hf
 Ás, fasteignasala ehf
 Barkasuða Guðmundar ehf
 Bilaspautun Íslands ehf
 Bortækni ehf
 Bókhaldsstofan ehf
 Dverghamrar ehf
 Efnamóttakan hf
 Einar í Bjarnabæ ehf
 Eldvarnarþjónustan ehf
 EÓ-Tréverk sf
 Fjarðarkaup ehf
 Flúrlampar ehf
 gardyrkjan.is
 Gunnars mæjónes ehf
 H. Jacobsen
 Hafnarfjarðarhöfn
 Heimir og Jens ehf
 Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð

Ísehstar ehf
 Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf
 Kjartan Guðjónsson, tannlæknir
 Kona Tískuverslun
 Krossborg ehf
 Lava Hostel
 Lögafli - lögmannsstofa
 Markus Lífenet
 Milli hrauna, heimilismatur
 Pálmarr Sigurðsson
 Rafgeymasalan ehf
 SJ Tréverk ehf
 Skerpa renniverkstæði
 Stokkhylur ehf
 Strendingur ehf
 Sæblik ehf - Holtanesti
 Sæli ehf
 ThorShip
 Umbúðamiðlun ehf

Útvík hf
 Verkalýðsfélagið Hlíf
 Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
 Viðir og Alda ehf
 www.gardyrkjan.is

ÁLFTANES
 GO múrverk ehf

REYKJANESBÆR
 Dacoda ehf
 DMM Lausnir ehf
 Húsagerðin hf, trésmíðja
 Lyfta ehf
 M² Fasteignasala & Leigumiðlun
 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
 Nesraf ehf
 Plastgerð Suðurnesja ehf
 Plexigler ehf

Reiknistofa fiskmarkaða hf
 Reykjanesbær
 Rörlagningamaðurinn ehf
 Rörvirkni sf, Lúðvík Gunnarsson
 Starfsmannafélag Suðurnesja
 TM Bygg ehf
 Toyota Reykjanesbæ
 UPS á Íslandi
 Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur
 og nágrennis
 Verslunarmannafélag Suðurnesja
 Visir, félag skipstjórnarmanna á
 Suðurnesjum

GRINDAVÍK
 Hársnyrtistofan Rossini
 Lagnaþjónusta Þorsteins ehf
 Ó S fiskverkun ehf
 Veitingastofan Vör ehf

SANDGERÐI
 Júlíus Helgi Einarsson
 Verk- og tölvuþjónustan ehf

GARÐUR
 Aukin Ökuréttindi ehf
 SI raflagnir ehf
 Þorsteinn ehf

MOSFELLSBÆR
 Álguggar JG ehf
 Bilamálunin Örninn ehf
 Dalsbú ehf
 Elmír-teppaþjónusta ehf
 Garðagróður ehf
 Ísfugl ehf
 Ístak hf
 LEE rafverktakar ehf
 María Norðdahl



Hver vill ekki láta drauma sína rætast? Um leið og fólkið í brúnni nýtur samverunnar er unnið í höndunum. Í apríl voru draumafangarar, vinsælir óróar, meðal annars búnir til.

Breiðholtsbrúin er vettvangur fyrir fólk á öllum aldri til að hittast, elda góðan mat, borða saman og blómstra á eigin forsendum. Brúin hefur verið opin í safnaðarheimili Breiðholtskirkju á mánudögum klukkan 11:30 – 13:30 í vetur og þar hefur íbúum hverfisins jafnt sem öðrum gefist tækifæri til að kynnast nýju fólki, víkka sjóndeildarhringinn og eiga gefandi gæðastund.

Að brúnni standa Hjálparstarf kirkjunnar, Breiðholtskirkja, Fella- og Hólakirkja og Pepp á Íslandi. Markmiðið er að gera gott samfélag enn fjölbreyttara og skemmtilegra. Grillað var í lok vorannar þann 28. maí en Breiðholtsbrúin verður aftur opin í september. Allir velkomnir!



Ekki komast allar plöntur á legg úr hverri sáningu og því eru bestu og ræktarlegustu plönturnar valdar til áframhaldandi ræktunar hverju sinni.

Matjurtarækt í Seljagarði: Hjálparstarf kirkjunnar skipuleggur í sumar matjurtarækt á skika í Seljagarði í Breiðholti en átta fjölskyldur taka þátt í verkefninu sem fer rólega af stað, meðal annars vegna kulda í maí. Garðyrkjufræðingur leiðbeinir þátttakendum og hefur viðveru í garðinum á ákveðnum tímum sem auglýstir eru á Facebooksíðu hópsins. Í Seljagarði er frábær aðstaða og gott samfélag. Þar er hægt að rækta salat, kryddjurtir, kartöflur, gulrætur og fleira. Lýðheilsusjóður styrkir verkefnið.

Svona hjómar hvatning Vilborgar Oddsdóttur félagsráðgjafa Hjálparstarfsins á facebooksíðu hópsins: „Stelpur, notið nú góða veðrið og mætið. Hugsid til seinni parts sumars þegar þið farið heim með lífrænt ræktað grænmeti ykkur að kostnaðarlausu, það munar um það. Það er líka meira en ok að mæta á morgun þó svo að þið hafið ekki getað mætt áður 🥬🥦🥕🥕”





Dagsnestið er hnefayfylli af hnetum

Sam er sextán ára stelpa sem býr ásamt móður sinni og bróður í pínulitlum skúr í fátækrahverfi í Kampala, höfuðborg Úganda. Fátæktin þar er nístandi. Bróðir Sam sem er níu ára gamall byrjar daginn á því að ganga í um klukkutíma í skólann þar sem hann er þar til rökkva tekur en þá gengur hann aftur heim. Nestið hans fyrir daginn er hnefayfylli af hnetum.

Félagsráðgjafi og fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar hittu Sam heima hjá henni í apríl síðastliðnum og gengu með henni til smiðju UYDEL þar sem hún er nýbyrjuð að læra hárgreiðslu. UYDEL er samstarfsaðili Hjálparstarfsins sem rekur smiðjur fyrir unglunga sem búa við sára fátækt svo þau geti lært iðn til að sjá sér farborða ásamt því að læra um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu. Námið í smiðju UYDEL veitir Sam tækifæri til að sjá fyrir sér á mannsæmandi hátt.

Sam var hlédræg og döpur að sjá þegar við komum í heimsókn enda er saga hennar erfið. Foreldrar hennar hafa ekki haldið heimili saman og hún bjó hjá pabba sínum til 13 ára aldurs þegar mamma hennar gerði kröfu um að fá hana til sín. Mæðgurnar hafa hins vegar ekki náð að tengjast tilfinningaböndum og

mamma Sam beitir hana hörðu. Sam gekk illa í námi, hætti að sækja skólann og hefur ekki fundið sér vinnu. Nágrannar hennar í hverfinu bentu starfsfólki UYDEL á að hún þyrfti að aðstoð að halda.

Deborah Sarah Nakirijja er einn félagsráðgjafa UYDEL. Hún segir að allt of mörg börn og unglingar í Kampala flosni upp úr skóla vegna þess að foreldrar þeirra hafa ekki efni á að nesta þau. Svöng börnin geti ekki einbeitt sér, gangi illa og hætti að mæta. Þá sé hætt við því að þau leiðist út á glæpabrautina til að hafa í sig og á. Hún segir að UYDEL hvetji stjórnvöld til þess tryggja börnum máltíð í skólanum en að stjórnvöld segi að til þess skorti fjármagn.

Í skúrnum sem Sam og fjölskylda hennar býr í og fyrir utan hann var mikið rusl og opnir skolpskurðir sem við þurftum að hoppa yfir til að komast leiðar okkar. En það var jafnframt mjög mikið líf í hverfinu og fólkið tók okkur útlendingunum vel.

Inni í skúrnum var sófi, stóll og lítið sjónvarpstæki en líka hæna með unga sína sem tritluðu yfir tær okkar þar sem við sátum og

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Matfugl ehf
Mosfellsbakari
Múr og meira ehf
Múrefni ehf
Nonni litli ehf
ÓP skrúðgarðyrkja ehf
Reykjabúið ehf
Vélsmiðjan Sveinn ehf
vinilparket.is

AKRANES

Bílasala Akraness ehf - Bílás
Fasteignasalan Hákot
Gjafavörverslunin @Home
Skipaskagi ehf
Snókur verktakar ehf
Spölar ehf-Hvalfjarðargöng
Tannlæknastofan 2 Gómar ehf
Valfell fasteignasala

Vélsmiðja Ólafs R Guðjónssonar ehf

BORGARNES

B. Björnsson ehf
Borgarbyggð
Eyja- og Miklaholtshreppur,
Snæfellsnesi
Kaupfélag Borgfirðinga
Matstofan ehf
PJ byggingar ehf
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Solo hársnyrtistofa sf
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið
Borgarness sf
Trésmiðja Pálma ehf Hálsaskóg
Skorradal

REYKHOLT

Garðyrkjustöðin Varmalandi

STYKKISHÓLMUR

Ásklif ehf
Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf
Þorsnes ehf

GRUNDARFJÖRÐUR

Þjónustustofan ehf

ÓLAFSVÍK

Fiskverkunin Valafell
Litlalón ehf
Steinprent ehf

HELLISSANDUR

Rafprýði ehf

REYKHÓLAHREPPUR

Reykholahreppur
Þörungaverksmiðjan hf

ÍSAFJÖRÐUR

Ferðaþjónustan í Heydal
Félag opinberra starfsmanna á
Vestfjörðum
GG málningarþjónusta ehf
Hamraborg ehf
Harðfiskverkun Finnboga
Ísblikk ehf
Jón og Gunna ehf
Kaffihúsið Húsið
Orkubú Vestfjarða ohf
Samgöngufélagið-www.samgongur.is

BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur

PATREKSFJÖRÐUR

Slaghamar ehf

TÁLKNAFJÖRÐUR

Bókhaldsstofan Tálknafirði

BÍLDUDALUR

Íslenska kalkþörungafélagið ehf

PINGEYRI

Brautin sf
Véla- og bílaþjónusta Kristjáns ehf

STAÐUR

Kvenfélagið Iðunn

HÓLMAVÍK

Hótel Laugarhóll



Sam lærir nú að flétta hár í einni af smiðjum UYDEL. Langflestar stúlkurnar sem sækja smiðjurnar hafa áhuga á hárgreiðslu og margar þeirra sem hafa lokið námi vinna nú við fagið og hafa í sig og á.

spjölluðum saman. Flestir innanstokksmunir héngu uppi á vegg en oft flæðir inn í kofaskrifflin í hverfinu þegar rignir. Bak við stofurýmið sem er um 3 fermetrar að stærð var svo fleti til að sofa á. Fleiri voru vistarverur ekki. Neysluvatnið er sótt í hrörlegan brunn en kamar stendur hátt í hverfinu til að koma í veg fyrir að flæði inn í hann þegar rignir. Rusli henda íbúarnir í skurði við hlið kofanna enda engin sorphirða í hverfinu.

„Mig dreymir um að lifa venjulegu heilbrigðu lífi og starfa við hárgreiðslu“

Áður en Sam getur mætt í smiðju UYDEL á morgnana þarf hún að sækja vatn, koma bróður sínum af stað í skólann, þrifa skúrinn og hjálpa mömmu sinni að setja upp sölubás þar sem hún selur banana og grænmeti til að sjá fyrir fjölskyldunni.

Þegar við gengum með Sam að smiðju UYDEL í Rubagahverfi Kampala spurðum við hana um framtíðardrauma og hún



Sædis Arnardóttir og Deborah Sarah Nakirija félagsráðgjafar skiptast á hugmyndum um aðferð í starfi.



FYRIR OKKUR



Sérfræðingar í bilum





Dagskráin í smiðjum UYDEL, samstarfsaðila Hjálparstarfs kirkjunnar í Kampala hefst með morgunleikfimi. Í fyrstu eru sumir krakkanna brúnaþungir enda eru þeir mótaðir af harðri lífsbaráttu í fátækrahverfunum. Í leikfiminna léttist lundin hins vegar gjarnan og skuggarnir hverfa smám saman fyrir gleði samverunnar og starfsins.

svaraði því til að það væri að lifa venjulegu heilbrigðu lífi og starfa við hárgreiðslu. Félagarsráðgjafar UYDEL nota einmitt sömu aðferð og félagarsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar nota í starfi hér heima en það er að spyrja „hvað dreymir þig um?“ og liðsinna svo fólki til þess að sú framtíðarsýn geti ræst án þess að taka ábyrgðina frá einstaklingnum á líðan sinni og hegðun.

Þegar við komum í smiðjuna var þar líf og fjör. Félagarsráðgjafarnir höfðu sagt okkur frá þunglyndi og kvíða sem krakkarnir glímdu almennt við en í smiðjunni er gleðin smitandi. Sædis Arnardóttir félagarsráðgjafi Hjálparstarfsins hitti þar félagarsráðgjafa UYDEL til að skiptast á hugmyndum um aðferð í starfi. Sædis var sérlega hrifin af því að ráðgjafar UYDEL fylgja krökkunum eftir í samfélaginu að námi loknu til að athuga hvort og hvernig líðan þeirra og hegðun hafi breyst. Eftir heimsókn í smiðjuna sagði Sædis að þar væri félagarsráðgjöf eins og hún gerðist best.



Margir nemenda UYDEL kljást ekki ekki bara við sára fátækt heldur hefur þá líka skort leiðsögn og umhvgju þeirra sem eldri og reyndari eru. Ungu fólkið í smiðjunum hefur margt hvert alist upp án foreldra eða búið við ofbeldi og vanrækslu. Í smiðjum UYDEL eru námsgreinarnar hagnýtar og stuðla að sjálfsbjargarfærni og sjálfstrausti. Þar læra nemendur meðal annars að baka, elda mat og þjóna til borðs. Það auðveldar þeim aðgang að vinnumarkaði.

margt smátt ... þakkar stuðninginn

DRANGSNES

Útgerðarfélagið Gummi ehf

HVAMMSTANGI

Villi Valli ehf

BLÖNDUÓS

Áfangi ehf
Átak ehf
Blönduósbær
Húnavatnshreppur
Maggi málari ehf
Stéttarfélagið Samstaða

SKAGASTRÖND

Vík ehf

SAUDÁRKRÓKUR

Bókhaldsþjónusta KOM ehf

Hlíðarkaup
Skagafjarðarveitur
Tannlæknastofa Ingimundar
Guðjónssonar ehf

SIGLUFJÖRÐUR

Fjallabyggð

AKUREYRI

Almenna lögbjónustan ehf
Baldur Halldórsson ehf
Bilapartasalan Austurhlíð
Blikkrás ehf
Bústólpi ehf
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-www.rettarholl.is
Gróðrarstöðin Sólskógar ehf
Grófgaril ehf
Hagvís ehf

Hlíð hf
Hnýfill ehf
HSH verktakar ehf
Jafnréttisstofa
KG Sendibílar ehf
Ljóscó ehf
Lögmanshlíð lögfræðisþjónusta ehf
Pípulagningaþjónusta Bjarna F
Jónassonar ehf
ProMat Akureyri ehf
Rafeyri ehf
Rafmenn ehf
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skútaberg ehf
Slippurinn Akureyri ehf
Stefna ehf
Steyputöð Akureyrar ehf
Steypusögum Norðurlands ehf

Tannlæknastofa Hauks og Bessa
Túnþökusalan Nesbræður ehf
Veitingastaðurinn Krua Siam

GRENVÍK

Grýtubakkahreppur

GRÍMSEY

Ragnhildur Hjaltadóttir
Sigurbjörn ehf

DALVÍK

Kussungur 2 ehf

HÚSAVÍK

Heimabakari Húsavík
Steinsteypir ehf
Trésmiðjan Rein ehf
Vikurraf ehf

LAUGAR

Gistiheimilið Stóru-Laugar,

MÝVATAN

Vogar, ferðaþjónusta

VOPNAFJÖRÐUR

Ferðaþjónustan Syðri-Vík

EGILSSTAÐIR

Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Héraðsprent ehf
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Klassik ehf
Miðás ehf
Myndsmiðjan ehf
Rafey ehf
Skrifstofuþjónusta Austurlands ehf



Rafvirkjun er vinsæl námsgrein einkum meðal strákanna en kennslan er bæði bókleg og verkleg. Margir fyrrum nemendur hafa fengið starf í faginu að námi loknu og geta séð sér farborða. Áður neyddi fátæktin þá til að stela og taka þátt í glæpagengjum.



Fatahönnun og saumar heilla bæði kynin hjá UYDEL þótt stúlkurnar séu í meirihluta nemenda í greininni. Metnaðurinn er mikill og eljusemin ekki síðri. Alls staðar er þröng á þingi og þéttskipað. Hver nemandi fær að nota saumavél í 30 mínútur á dag svo að sem flestir komist að.



Ungi maðurinn til vinstri á myndinni heitir Edgar. Hann hlaut þjálfun hjá UYDEL í undirstöðuatriðum rafvirkjunar og starfrækir nú lítinn viðgerðarstand við fjölfarna götu í Kampala. Edgar sér sjálfum sér farborða og hefur raunar sjálfur tekið nema frá UYDEL í starfsþjálfun, sá er til hægri á myndinni.



Í smiðjum UYDEL eru dans, kórsöngur, trommusláttur og íþróttir á dagskrá eftir hádegi. Dansinn hefur reynst mörgum uppspretta gleði auk þess að vera frábær líkamspjálfun. Sumir dansaranna hafa aflað sér töliverðra tekna með list sinni eftir námið. Hópurinn á þessari mynd vakti mikla hrifningu samnemenda sinna og stefnir ótrauður á frægð og frama.



www.icewear.is



Mannúðarastoð vegna þurrka, flóða og innanlands-átaka í Eþíópíu



Þann 19. júní veitti utanríkisráðuneytið 25 milljónum króna til mannúðaraðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar við sjálfþurftarþænder vegna þurrka og flóða sem og við fólk á vergangi vegna átaka í Oromia- og Sómalífylkjum í Eþíópíu. Alls sendi Hjálparstarfið 26.315 þúsund krónur til hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins, LWF, í Eþíópíu. Börn og mæður með börn á brjósti sem og fólk með fötlun eða sjúkdóma er í forgangi en alls er áætlað að aðstoðin nái til 198.446 manns til sex mánaða.

Aðstoðinni er ætlað að tryggja fólkinu aðgengi að hreinu vatni, auka fæðuval og bæta hreinlætisaðstöðu. Fólkið fær kindur og

geitur og korn til sáningar, fatnað, búshöld og verkfæri. Sálrænn stuðningur er einnig veittur fólki sem flúið hefur heimkynni sín vegna átaka.

Þurrkar hafa verið viðvarandi í áratugi víðsvegar í Eþíópíu og þá sérstaklega í Oromia- og Sómalífylkjum en ástandið er þar enn alvarlegra vegna pólitískra deilna milli ólíkra þjóðarbrotá. Átökin hafa hrakið bændur af landi sínu en samkvæmt samhæfingarmiðstöð mannúðaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UN OCHA) á svæðinu eru nú um átta milljónir íbúa háðar stjórnvöldum og hjálparsamtökum um lífsviðurværi.

14

margt smátt ... þakkar stuðninginn

REYÐARFJÖRÐUR

Fjarðabyggð
Tærgesen, veitinga- og gistihús

ESKIFJÖRÐUR

H.S. Lækning ehf
Tanni ferðaþjónusta ehf

NESKAUSTAÐUR

Lolli ehf
Tónspil ehf
Verkmenntaskóli Austurlands

FÁSKRÚSFJÖRÐUR

Vöggur ehf

HÖFN Í HORNAFIRÐI

Framhaldsskólinn í A-Skaftafellsýslu
Rósaberg ehf
Sveitfélagið Hornafjörður
Ögmund ehf

SELFOS

Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Bílltak ehf
Búnaðarsamband Suðurlands
Fossvélar ehf
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi
Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði
Gróðrarstöðin Ártangi ehf
Hótel Gullfoss
Jarðverksþjónustan Selfossi
Jötunn vélar ehf
K.P. Verktakar ehf
Kökugerð H P ehf
Mjölínir, vörubílastjórafélag
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts ehf
Set ehf, röraverksmiðja
Svavar Sveinsson
Sveitarfélagið Árborg

Veitingastaðurinn Menam
Pingborg ullarvinnsla og verslun
Österby-hár

HVERAGERÐI

Listasafn Arnesinga
Nýjaland ehf
Raftaug ehf

ÖLFUS

Eldhestar ehf
Gljúfurbústaðir ehf
Gluggaiðjan Ölfusi ehf

STOKKSEYRI

Bjartás slf
Kvenfélag Stokkseyrar

LAUGARVATN

Ásvélar ehf
Menntaskólinn að Laugarvatni

FLÚÐIR

Ásgerði II ehf
Gröfutaekni ehf
Hitaveita Flúða og nágrennis
Hrunamannahreppur

HELLA

Freyðing ehf
Hestvit ehf

HVOLSVÖLLUR

Gamla fjösið ehf
Héradsbókasafn Rangæinga
Kvenfélagið Hallgerður
Rafverksæði Ragnars ehf

VÍK

Mýrdalshreppur
Volcano Hotel

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Icelandair Hótel Klaustur

VESTMANNAEYJAR

Bakstur og veisla ehf
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf
Bubka ehf
Eyjablökk ehf
Gröfupjónustan Brinks ehf
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Miðstöðin ehf
Narfi ehf
Ós ehf
Rannsóknarþjónustan V.M.
Salka
Skipalyftan ehf
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf
Vinnlustöðin hf

Á döfinni...

- Það er sérstakt markmið Hjálparstarfs kirkjunnar að koma í veg fyrir félagslega einangrun barna og unglinga sökum efnaleysis. Í upphafi skólaárs útvegum við efnalitlum foreldrum um land allt inneignarkort í matvöru- og fataverslunum sem og í verslunum með skólavörur svo sem pennaveski og skólatöskur. Einnig eru veittir styrkir vegna íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstunda barna og unglinga. Í ágúst leitum við til landsmanna um aðstoð með því að senda valgreiðslu í heimabanka. Takk fyrir að vera með í að hjálpast að!
- Tíu hlauparar hafa skráð sig til leiks og hlaupa fyrir Hjálparstarf kirkjunnar í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka þann 18. ágúst. Viltu heita á hlaupara? Það getur þú gert á hlaupastyrkur.is. Öll áheiti renna óskert til aðstoðar við börn og ungmenni í upphafi skólaárs.
- Félagráðgjafar Hjálparstarfsins munu taka á móti umsóknum um aðstoð í upphafi skólaárs, svo sem vegna íþrótt- og tómstundastarfs undir lok ágústmánaðar. Nánari upplýsingar verða á help.is í ágúst.
- Að loknu sumarfrí sjálfboðaliða þann 20. ágúst getur fólk sótt sér notaðan fatnað á lager Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, neðri hæð. Opið verður á þriðjudögum klukkan 10 - 12.
- Aðalfundur Fulltrúaráðs Hjálparstarfs kirkjunnar verður í safnaðarsal Grensáskirkju laugardaginn 29. september.
- Undir lok septembermánaðar koma tveir ungir félagráðgjafar frá verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda í heimsókn til Íslands. Ungu fólkið mun segja börnum í fermingarfræðslu frá aðstæðum jafnaldra þeirra í fátækrahverfum Kampala og í dreifbýlinu í héruðunum Rakaí og Lyantonde. Gestirnir verða með okkur til 26. október. Kristín tekur á móti umsóknum um fræðsluerindi, netfang hennar er kristin@help.is.
- Fermingarbörn munu ganga í hús um land allt með innsiglaða söfnunarbauka Hjálparstarfs kirkjunnar og safna fyrir verkefnum Hjálparstarfsins í Afríku 29. október – 2. nóvember 2018. Framlag þeirra er ómetanlegt!

samskip



**VAGNAR &
ÞJÓNUSTA**

Tunguhálsi 10 • 110 Reykjavík • S: 567-3440 • Email: vagnar@vagnar.is



inter.



HB GRANDI

Sumargjöf

Gefðu barni gleðilegt sumar!



Hjóla, sippa, synda, tvista...

Hjálparstarf kirkjunnar styður börn á Íslandi sem búa við kröpp kjör svo þau geti tekið þátt í tólmstundum með vinum sínum. Með því að kaupa gjafabréfið Sumargjöf á gjofsemgefur.is tekur þú þátt í því að gefa barni gleðilegt sumar.

Gefðu gjöf sem gefur!